

Fréttabréf Vesturbæjarskóla

Október Nóvember

1. tölublað 2008

Meðal efnis

- Nemendur í 6. bekk tóku þátt í stuttmyndanámsskeiði og keppni
- Vesturbæjarskóli er Olweusarskóli
- Nýtt forrit til greiningar á lestrarörðuleikum
- Evrópusamstarf
- Dagskrá foreldrafélagsins í vetur

Kæru foreldrar og forráðamenn nemenda í Vesturbæjarskóla

Skólastarf vetrarins hefur farið mjög vel af stað. Þrátt fyrir að skólalóðin sé að miklu leyti ónothæf hafa nemendur gert sér hana að góðu og bíða spenntir eftir því að úr rætist. Nú hafa malarblettir á lóðinni verið malbikaðir og það styttest í að svæðið við Vesturvallagötu komist í gagnið.

Hvað innra starf skólans snertir þá vinnum við nú markvisst að því að skapa nýja og fjölbreytta kennsluhætti í ritun. Hluti kennara og starfsfólks fór til London í vetrarfríinu og kynntist þar spennandi aðferðum sem við höfum



verið að prófa okkur áfram með. Menntasvið Reykjavíkur stendur fyrir námskeiði þar sem kennarar frá þessum sama

skóla og við heimsóttum miðla af reynslu sinni og þekkingu.

Hvað tómsundur snertir þá er gaman að segja frá því að Nanna Hlíf



tónmenntakennari hefur endurvakið skólakórinn æfingar eru á mánudögum og fimtudögum. Hjörleifur kennari í 1. bekk hefur tekið að sér að sjá um félagslíf fyrir eldri nemendur skólans. Tónlistaskólinn DO-RE-MÍ og skólahljómsveit Vesturbæjar vinna einnig í góðum tengslum við skólann og á föstudögum



og sunnudögum fær leiklistaskólinn Leynileikhúsið aðsetur í skólanum.

Skólinn er nú orðinn hluti af evrópsku samvinnuverkefni milli skóla, Comenius og það verður spennandi að fylgjast með því hvernig það verkefni þróast. Björg á bókasafni og Nanna Hlíf fóru til Póllands í haust og



funduðu og unnu með þeim skólum sem við verðum í samstarfi við. Það eru því spennandi tímar framundan fyrir alla sem taka þátt í skólastarfinu í Vesturbæjarskóla.

Hanna G. Birgisdóttir
Aðstoðarskólalastjóri

Stuttmyndanámsskeið og keppni

Í lok september var Vesturbæjarskóla ásamt nokkrum öðrum grunnskólum í Reykjavík boðið að taka þátt í Stuttmyndasmiðju grunnskólanna vegum Kvikmyndahátíðar Reykjavíkur (RIFF). Smiðjan var fyrir krakka úr 5.-7. bekk og 8.-10 bekk. Frá skólanum fóru sjö krakkar úr 6. bekk, Sonný Þorbjörnsdóttir sérgreinakennari fór með þeim til að halda utan um hópinn. Þetta var fjögurra daga námskeið, krakkarnir fengu kennslu í stuttmyndagerð svo gerðu þau sína eigin stuttmynd. Dómnefnd RIFF valdi svo

bestu myndina í hvorum flokki. Það er gaman að segja frá að stuttmyndin Hringurinn sem krakkarnir okkar gerðu var valin besta myndin í flokki 5.-7. bekkja. Myndin sem er 5 mínútna löng var sýnd hér í skólanum við góðar undirtektir.



Við eru mjög stolt af þeim og óskum, Önnu Rakel, Magneu, Önnu Sóley, Vigdísí Diljá, Valgeiri, Rökkva, Valgeiri og Nikulási og Sonný (sem ekki er á myndinni) innilega til hamingju með árangurinn.

Björg

Olweusaráætlunin gegn einelti og andfélagslegri hegðun



Í vetur verður áfram eitt af okkar markmiðum að vinna markvisst samkvæmt Olweusaráætlun skólans. Olweusaráætlunin miðar að því að fyrirbyggja og takast á við einelti í skólanum. Við höfum verið þátttakendur í verkefninu í nokkur ár en nú finnst okkur við þurfa að gefa því meira vægi en gert hefur verið síðustu ár. Þorlákur Karlsson stjórnandi verkefnisins hefur liðsinn

okkur og var með námskeið fyrir nýja kennara nú á haustdögum. Allt starfsfólk skólans tekur þátt í þessari vinnu. Allir foreldrar eiga nú að hafa fengið í hendur bækling þar sem farið er yfir markmið Olweusar og á hverju áætlunin byggir.

HGB

LOGOS forrit til greiningar á lestrarörðugleikum

Vesturbæjarskóli hefur fest kaup á forritinu LOGOS sem er tölvutækt greiningarforrit grundvallað á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni. Forritið er ætlað nemendum frá 3. bekk ásamt því að nýttast fullorðnum. Einnig má nýta ákveðna þætti í prófinu fyrir nemendur í 1. og 2. bekk. Forritið er til þess gert að greina lestrarvanda og hefur verið staðlað með íslenskum nemendum. Niðurstöðurnar má kalla fram í töflum og á myndrænan hátt og þannig er

hægt að bera saman frammistöðu í einstökum prófhlutum og að meta framfarir ef prófið er endurtekið eftir þjálfunartímabil. LOGOS inniheldur einnig kennslufræðileg úrræði og tillögur sem prófandi getur nýtt sér við að skipuleggja þjálfun nemenda. Tveir sérkennarar skólans eru á réttindanámskeiði

og munu í framhaldi af því nýta forritið til greininga á lestrarvanda nemenda í samráði við foreldra.

HGB



ÉG tala íslensku – I speak icelandic-hablo icelandés-

Mówię islandzki- β ãîîðþ èñëàíñêéé

IS: Í skólanum okkar er hópur barna sem ekki hafa íslensku sem móðurmál. Sif og Korinna eru sérkennarar sem kenna íslensku sem erlent mál. Þær aðstoða krakkana bæði í námi og öðru sem við kemur skólafarfinu. Aðaláherslan er að styðja hvern og einn til að skilja og geta gert sig skiljanlegan í daglegu lífi. Sérkennslan er því ekki eingöngu íslenskukennsla heldur er komið inn á fjölmörg viðfangsefni til að mæta þörfum hvers og eins.

ENG: In our school there are several kids with another mother tongue than Icelandic. Sif and Korinna are special needs teachers who assist these children with learning and other school matters. First of all we search to strengthen each and every child to take responsibilities in the Icelandic society, both, in school and also in social matters. The teaching is therefore not only lessons in Icelandic but includes several topics to meet the needs of each and every one.

ES: En nuestra escuela hay varios niños con otra lengua materna que islandés. Sif y Korinna necesidades especiales son los maestros que ayudan a estos niños con problemas de aprendizaje escolar y otros asuntos. Primero de todo lo que busca para fortalecer todos y cada uno de los niños para asumir responsabilidades en la sociedad islandesa, tanto en la escuela y también en el ámbito social. La enseñanza es para ellos la experiencia no sólo en islandés, pero incluye varios temas para satisfacer las necesidades de todos y cada uno.

PL:W naszej szkole istnieje wiele dzieci z innym językiem ojczystym niż islandzki. Sif i Korinna są specjalnymi potrzebami tych nauczycieli, którzy pomagają dzieciom w nauce i innych sprawach szkoły. Przede wszystkim mamy wyszukiwania dla wzmocnienia każdego dziecka do podjęcia obowiązków w islandzkim społeczeństwie, zarówno w szkole, a także w sprawach społecznych. Nauczania jest do nich nie tylko lekcje w języku islandzkim, ale zawiera kilka tematów, aby zaspokoić potrzeby każdego i wszystkich.

RU:В нашей школе Есть несколько детей с другим родным языком, чем исландский. Сиф и Korinna имеют особые потребности учителей, которые оказывают помощь таким детям в учебе и других школьных вопросах. Прежде всего мы ищем для укрепления каждого ребенка брать на себя ответственность в исландском обществе, как в школе, а также в социальных вопросах. Обучение для них не только уроки, в исландском, но включает в себя несколько тем, чтобы удовлетворить нужды всех и каждого.

Korinna Bauer

Bangsafréttir frá 5. bekk



Í tilefni af bangsavíku í skólanum heimsóttu 5.bekkingar bókasfnið. Björg sagði frá uppruna bangsa og las bangsasögu. Bangsar eru kallaðir Teddy Bear á ensku og kemur það nafn frá Theodore Roosevelt fyrrverandi forseta Bandaríkjanna.

Mikill bangsaáhugi er í 5. bekk og eiga báðir bekkirnir bekkjarbangsa. Í 5.B heitir bekkjarbangsinn Bóbó og kemur hann frá stórborginni

London. Í 5. SN er einn bekkjarbangsanna ísbjarnarhúnninn Knútur en hann kemur frá Berlín. Knútur tók upp á því á dögnum að hverfa og skoða sig um í skólanum. Eftir mikla leit fannst hann í heimilisfræðistofunni, sæll og glaður. Er þeir ekki allir eins þessir bangsar.

Sigga Nanna , Björk og krakkarnir í 5.bekk



Comenius Samstarf við 7 skóla í Evrópu



Nanna Hlíf kenndi pólsku krökkunum Úllen dúllen doff

Vesturbæjarskóli tekur þátt í evrópsku skólasamstarfi á vegum Comenisuar verkefnis evrópusambandsins. Verkefnið kallast SMASH sem stendur fyrir study, mobility, activities, sport, health, Nám, Hreyfing Heilsa Heilbrigði Vesturbæjarskóli vinnur með sjö öðrum skólum í sex löndum, þar eru tveir skólar frá Belgíu og einn frá Grikklandi, Hollandi, Ítalíu, Póllandi og Spáni.

Verkefnið á að miða að því að auka samstarf Evrópuþjóða og bæta kunnáttu og skilning nemenda á samstarfsþjóðum. Aðal áhersla verður á andlegt og líkamlegt heilbrigði nemenda og kennara. Verkefnið er til tveggja ára og skiptast verkefni á fjórar annir og á hverri önn eru mismunandi áherslur, nú á fyrstu önninni er lögð áhersla á kynningu og samskipti, á vorönn 2009 verður áherslan á líkamlega heilsu, íþróttir og hreyfingu. Á haustönn 2009 er

það hollt fæði- daglegt líf, tónlist og taktur. Á vorönninn 2010 leggjum við áherslu á andlega heilsu og slökun. Allir nemendur skólans munu tengjast þessu verkefninu á einhvern hátt. Útfærslur verkefnana eru mismunandi og miðast að kunnáttu og getu



hvers aldurshóps. Verkefni yngsta stigsins eru myndræn og ekki er lögð áhersla á að nemendur þurfi tungumálakunnáttu til að eiga samskipti. Á miðstiginu byggjast verkefni á myndrænni framsetningu og einföldum texta á ensku. Á elsta stiginu eru verkefni og samskiptin á rafrænu formi og munum við nota svæði á THINK.com sem verður okkar samstarfs vinnusvæði. Eitt af markmiðunum eru nemendaskipti og vonumst við til að geta farið með tvo nemendur í þær heimsóknir sem eftir eru. Hópurinn

kemur svo til Íslands í maí 2009

Fyrsti fundurinn var í byrjun október í Póllandi

Við hlökkum til samstarfsins og því tækifæri sem það gefur bæði nemendum og kennurum á að kynna skólastarfi í öðrum löndum og jafnframt að kynna okkar góða starf sem við finnum að vekur áhuga annara og við getum kynnt með stolti.



Björg A. Jónsdóttir



Eftir tímann komu áhugasamir nemendur og fengu eiginhandarítun



Krakkar í Szkoła Podstawowa í Pulawy, Póllandi sem voru að vinna verkefni um Ísland



7. bekkur – Skólabúðir vikuna 10. – 14.nóvember

Allir krakkarnir eru búnir að vinna hörðum höndum að því að afla fjár fyrir ferðina.

Þau hafa

- verið með kaffisölu með hjálp foreldra síðastliðið vor
- selt penna til styrktar heyrnalausra
- verið með dósasófnun
- bakað og selt muffins á foreldravíðtalsdögum
- útbúið og saumað stærðfræðikort og selt
- útbúið merkimiða og selt

Þau eiga eftir að

- vera með kaffisölu með aðstoð foreldra á jólafondursdegi Vesturbæjarskóla.



Þetta eru dugnaðarkrakkar - ef einhver vill styrkja þau aukalega, um 100 kr. eða 1.000 kr. eða hvað sem er þá eiga þau reikning hjá

Glitni

0512 – 14 – 400248

kt.; 3009543089

nafn Bekkjasjóður 7-LM

María og Lilja



Skólahlaup í Heilsuviku

Það gekk allt upp í hlaupinu veðrið var frábært, krakkar, foreldrar og kennarar í hörku formi og allir náðu að ljúka hlaupinu með bros á vör. Kakó og kleinur í skólanum á áfangastað. Við þökku öllum sem komu og tóku þátt og foreldrafélaginu fyrir samvinnuna um veitingarnar.

Björg



Stimplararnir eru alltaf mjög mikilvægir



Álfheiður stjórnaði upphituninni



"Það er gaman að vera saman"



Vesturbæjarskóli

Sólvallagata 67
101 Reykjavík
Sími 562 2296
Fax: 562 2242

Netfang: Vesturbæjarskóli
@vesturbæjarskóli.is
www.vesturbæjarskóli.is

Foreldrafélag Vesturbæjarskóla vinnur fyrst og fremst að því að efla félagslíf í kringum skólastarfið og er tengiliður foreldra og skóla.

Í ár fagnar Vesturbæjarskóli 50 ára afmæli og er því í nógu að snúast við að undirbúa afmælisveisluna sem verður haldin í mars.

Foreldrafélagið ætlar að gefa skólanum veglega afmælisgjöf til tónlistarkennslunnar sem er án efa stolt skólans og vonast félagið eftir því að geta fengið að hlýða á alvöru tónleika með okkar unga og efnilega tónlistarfólki.

Þetta afmælisár mun foreldrafélagið leggja sérstaka áherslu á samband foreldra og barna. Við viljum bæta við samverustundum þar sem foreldrar og börn gera hluti saman, skapa, læra og skemmta sér. Þess vegna hyggst félagið standa fyrir sérstökum námskeiðum þar sem foreldrar og börn læra saman.

Í desember munum við bjóða uppá fjölskylduyoga og eftir áramót verðum við meðmatreiðslunámskeið og afró dans auk þess sem reiðhjólin verða

undirbúin fyrir sumarið á vormánuðum.

Foreldrafélagið stendur fyrir metnaðarfullu stuðningsverkefni "Vinafjölskyldur" fyrir foreldra og börn af erlendu bergi brotin. Við hvetjum fjölskyldur til að hugleiða möguleikann á að verða vinafjölskyldur enda getur það verið mikið gæfuspor, fræðandi og skemmtilegt fyrir alla aðila.

Verkefnið hlaut veglegan styrk frá Reykjavíkurborg og er það til marks um mikilvægi verkefnisins.

Foreldrafélagið heldur fundi fyrsta miðvikudag í mánuði k.18 og eru fundirnir opnir öllum áhugasömum foreldrum.

Steinunn Knútsdóttir
formaður

Dagskrá foreldrafélagsins 2008/2009:

Skólahlaup

Fimmtudaginn 6 nóvember

Jólafondur

Laugardaginn 29.nóvember

Yoga örnámskeið

Desember ódagsett

Þrettándagleði Vesturbæjar
Þriðjudagur 6.janúar

Matreiðslunámskeið

Janúar ódagsett

Afró námskeið

Febrúar ódagsett

Afmælishátíð

Vesturbæjarskóla

Laugardagurinn 14.mars

Reiðhjóladaður

Apríl/maí ódagsett

Vorhátíð

Mái ódagsett



Eru bækur heima hjá þér ?

Nemendur í skólanum eru miklir lestrarhestar og dugleg að taka bækur til að lesa

Stundum gerist það óvart að bækur skila sér ekki aftur á safnið.



Vinsamlega takið einn hring heima og kíkið í hillur og á aðra góða staði þar sem bækur geta leynst og sendið bækurnar aftur í skólann ef einhverjar finnast.

Kveða Björg